Nd. **117. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi.

Nú er verðmætt skóglendi í bersýnilegri hættu af gróðureyðingu, sem ekki verður stöðvuð nema með fullri friðun skóglendisins, en friðunin svo kostnaðarsöm, að eigendur og notendur landsins treystast eigi til þess samkv. þeim skilyrðum um framlag, sem sett eru í 19. gr., og er ráðherra þá heimilt, að fengnum tillögum skógrækt-

arstjóra, að kosta slíka girðingu að öllu leyti, gegn því, að eigendur og nothafar ábyrgist viðhald girðingarinnar og friðun landsins fyrir ágangi. Gera skal um það samning, sbr. 19. gr., enda taka ákvæði síðustu málsgr. þeirrar greinar einnig til þess skóglendis

Verði eigandi eða nothafi sannur að sök um endurtekna vanrækslu, getur ríkið tekið hið girta skóglendi til fullrar umsjár í allt að 20 ár á kostnað eiganda.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir fjárveitinganefnd tillögur skógræktarstjóra um þessar girðingar ásamt kostnaðaráætlun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk skógræktarstjóra og Skógræktarfélags Íslands, sem hefur í erindi til nefndarinnar gert eftirfarandi grein fyrir nauðsyn þeirra breytinga, sem hér um ræðir.

„Það hefur margoft verið á það bent, að skóglendi víðsvegar um land eru að ganga til þurrðar. Er þetta mjög áberandi þar, sem ofgrisjað hefur verið og lítt takmörkuð beit rekin. Hins vegar hafa margir jarðeigendur um land allt mikinn áhuga fyrir því að bæta og auka skóglendi sín, enda hefur skógarfriðunin á Vöglum, Hallormsstað og víðar sýnt, að viða hér á landi má hafa eigi minni arð af skógrækt en annarri jarðyrkju.

Efnahagur bænda og jarðeigenda hér á landi er yfirleitt þannig, að þeim er eigi kleift að verja fé til jarðræktar, sem gefur eigi arð um langt árabil. Af þeim ástæðum er eigi nema sanngjarnt, að ríkissjóður hjálpi ríflega til að skapa ný gróðurverðmæti, enda er eigi um annað að gera, ef mikið af þeim skógargróðri, sem enn er til, á ekki að ganga til þurrðar á næstu árum.

Þykir því bæði rétt og sjálfsagt að gefa áhugasömum einstaklingum kost á ríflegum styrk til þess að græða skóg að nýju.

Til þess að sem minnst mistök yrðu við framkvæmd slíks verks og þessa, og enn fremur til þess að hjálpin berist skjótast þangað, sem hættan á gróðureyðingu er mest, ætti að haga framkvæmdum eitthvað á þessa leið: Sá jarðeigandi, sem vildi friða skóglendi, sendi umsókn til skógræktar ríkisins, er síðan léti skoða staðhætti alla, og yrði skógræktarstjóri að veita samþykki til þess, að skóglendi yrði friðað, áður en styrks væri að vænta. Myndi skógræktarstjóri þá láta haga framkvæmdum þannig, að þær þyrftu ekki að fara fram úr áætluðu fé í fjárlögum hvers árs. Reglur þær, sem farið væri eftir við ákvörðun um það, hvaða skóglendi kæmu fyrst til greina, myndu vera í þá átt, að þau skóglendi sætu jafnaðarlega fyrir friðun, sem mest hætta vofði yfir.

Upphæð styrks miðað við heildarkostnað friðunargirðinga yrði að vera nokkuð há, en kvaðir á skóglendi þær, að girðingaviðhald væri greitt af eiganda, og ábyrgð hans og síðari eigenda fyrir því, að friðun væri alltaf fullkomin.“